

Skýrsla stjórnar fagdeildar um forystu í hjúkrun í Fíh starfsárið 2021 – 2022

Enn eitt skrítna árið... allt undirlagt af covid eitt árið enn!

Við höldum þó aðalfundinn okkar 13. apríl í fundarsal hjartadeildarinnar og á Teams. Á þeim fundi voru lagðar fram breytingar á reglum fagdeildarinnar og nafni. Breytingar á starfsreglum fagdeildar voru samþykktar eftir nokkrar umræður, svo og nafni sem var breytt í fagdeild um forystu í hjúkrun. Engar breytingar urðu á stjórnarmeðlimum, þar sem þeir sem höfðu lokið 2ja ára setu buðu sig fram aftur og voru endurkjörnir. Eftir aðalfundinn var áhugaverð bókarkynning Dr. Erlu Dóris Halldórsdóttur, hjúkrunarfræðings og sagnfræðings á bók sinni Óhreinu börnin hennar Evu – um holdsveiki í Noregi og á Íslandi. Einnig sagði Birna Flygenring, lektor frá rannsókn sinni Nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar – Streita, bjargráð og brottfall.

Grein birtist í blaði Fíh um vorið þar sem farið var yfir breytingarnar á reglunum ásamt nafnabreytingunni. [https://www.hjukrun.is/library/Timarit---Skrar/Timarit/Timarit-2021/2-tbl-2021/FagdeildUmForystu%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.hjukrun.is/library/Timarit---Skrar/Timarit/Timarit-2021/2-tbl-2021/FagdeildUmForystu%20-%20Copy%20(1).pdf)

Sumarið í Íslandi var sem betur fer aðeins léttara en veturinn og fólk gat lifað sæmilega eðlilegu lífi í skjóli Covid, þrátt fyrir grímur og samkomutakmarkanir. Í ágúst var áætlaður fundur LNN (Ledernes Netverk i Norden) í Kaupmannahöfn en þá helltist enn ein bylgjan af Covid yfir og fundi var frestað. Mörgu var frestað og aflýst haustið 2021. Ástandið á Íslandi og um allan heim var slæmt. Sjaldan verið verra. Hjúkrunarfræðingar voru að bugast, alls staðar í Evrópu og um allan heim. Preyta, kulnun, veikindi og flótti úr stéttinni. Fólk var búið að fá nóg eftir þetta mikla álag tengt covid, ofan á mikið álag fyrir.

Fréttabréfið okkar, sem við endurvöktum á árinu, átti að kom út hausið 2021. En vegna covid álags og anna hjá okkur stjórnarmeðlimum þá tókst það ekki. Það er þó enn ætlun okkar að gefa út tvö fréttabréf á ári, vor og haust. Við höfðum líka áætlað að halda aðventufund 25. nóvember, allt var skipulagt en því miður var því líka frestað á síðustu stundu vegna covid.

Um haustið tóku fulltrúar úr stjórn fagdeildarinnar þátt í mótun og lásu yfir kafla um forystu í nýrri stefnu Fíh.

Í janúar 2022 sendum við fyrir hönd fagdeildar athugasemd við frumvarp laga um stjórn Landspítala, þar sem við lögðum áherslu á mikilvægi þess að fulltrúi hjúkrunar sitji í stjórn Landspítala. Eins var gerð athugasemd við að starfsmenn í stjórn hafi eingöngu málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Að auki var lagt til að stjórnarseta sé til fleiri en tveggja ára til að geta náð að hafa yfirsýn og geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar. Fagdeildin óskaði einnig eftir að skýrt yrði hvernig samstarf hinnar nýju stjórnar og stjórnenda yrði háttað. Að lokum var mælt með því að fulltrúar notenda/sjúklingasamtaka fái sæti í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Loks kom fréttabréfið okkur út vorið 2022.

https://sway.office.com/bBJvVtsf0Gztzl7N?ref=Link&fbclid=IwAR2Qj_S5GAbFKAgbhXVbpaKrGyxM6g50XebJX2U7o7sJOPhdPO7J2vt3VH4

Þar er meðal annars umfjöllun um óframkvæmda hjúkrun – missed nursing care og um heilbrigðisstarfsfólk sem annars stígs þolendur alvarlegra atvika og Evrópuverkefni þar að lútandi.

Gaman er að segja frá því að meðlimum í fagdeildinni fjölgaði talsvert á þessu starfsári en nú erum við xx í fagdeildinni. Óskum við eftir fréttum og fróðleik alls konar frá meðlimum okkar

í fagdeildinni alls staðar á landinu. Gaman væri að heyra frá leiðtogum í hjúkrun hvað þeirra áskoranir eru, nýjar hugmyndir, góðar lausnir og hvernig við getum þróað okkur og þroskað í starfi og lært af hvert öðru. Við vorum með fáa fundi en hittumst stundum á Teams. Mestu samskiptin voru þó í gegnum messenger. Við vorum auðvitað með fullt af fleiri hugmyndum og margt sem okkur langaði til að gera. En það má segja að covid hafi þar sett strik í reikninginn, bæði er varðar samkomutakmarkanir og líka vorum við sem hjúkrunarstjórnendur undir gífurlega miklu álagi. Það var bara ekki pláss fyrir meira. En nú er vor í lofti og við höfum ákveðið að vera bjartsýn. Þess vegna höldum við ásamt aðalfundinum, þetta málþing fagdeildar um forystu í hjúkrun með mjög áhugaverðum og gagnlegum fyrirlestrum fyrir okkur leiðtoga í hjúkrun.

Framundan er svo ENDA ráðstefnan á Selfossi 14-17. september sem er haldin á 30 ára afmæli ENDA (European Nursing Directors Association). Yfirskriftin er: Environmental changers – leadership changes.

Af starfi LNN (Ledernes Netverk i Norden) að fréttu þá verður loks haldinn LNN fundur í Kaupmannahöfn núna í september, stór fundur fyrir allar stjórnir vorið 2023 og áætluð LNN ráðstefna í Færeyjum 2024.

Við vonum svo bara að fagdeildar starfið verði með eðlilegri og hefðbundari hætti þetta starfsárið. En tveir stjórnarmenn hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram og við treystum því að gott fólk kemur í þeirra stað.

Takk fyrir mig.

Guðrún Árný Guðmundsdóttir formaður fagdeildar um forystu í hjúkrun